

**1095. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 24. febrúar 2020  
og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður og Daníel Jakobsson formaður.

**Embættismenn:**

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari og Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Dagskrár og verkefni bæjarráðs - 2019050047**

Farið er yfir verkefnalista af bæjarráðsfundum.

*Farið yfir verkefnalista bæjarráðs.*

**2. Stúdíó Dan ehf. - kaup og rekstur - 2017050073**

Stefanía Ásmundsdóttir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs fer yfir stöðu mála er varðar Stúdíó Dan og líkamsrækt á Ísafirði.

*Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs mætir til fundar til að fara yfir stöðu mála.*

**Gestir**

Stefanía Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs - 08:35

Stefanía yfirgefur fundinn kl. 08:44.

**3. María Júlía - 2018050072**

Lagt fram bréf Jónu Símoníu Bjarnadóttur, forstöðumanns Byggðasafns Vestfjarða, dagsett 12. febrúar sl. vegna málefna Maríu Júlíu.

*Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að gera drög að viðauka og leggja fyrir bæjarráð.*

**4. Samstarfshópur um friðlýsingar á Vestfjörðum - 2019100101**

Lagður er fram tölvupóstur Freyju Pétursdóttur, sérfræðings hjá Umhverfisstofnun, dags. 17. febrúar sl., ásamt bréfi bréfitara, dags. 30. janúar sl., þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa Ísafjarðarbæjar í samstarfshóp sem vinna mun að undirbúningi friðlýsingar á Vestfjörðum innan marka Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar.

*Bæjarráð tilnefnir Birgi Gunnarsson sem fulltrúa Ísafjarðarbæjar.*

**5. Fyrirspurn starfshóps um efnahagsþróun á norðurslóðum - 2020020044**

Lagt er fram bréf Nínu Bjarkar Jónsdóttur, dags. 31. janúar sl., f.h. utanríkisráðherra, þar sem Ísafjarðarbæ er gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við starfshóp um efnahagsþróun á norðurslóðum.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Leitað leyfis landeiganda eða annars rétthafa vegna tjöldunar utan skipulagðra tjaldsvæða - 2020020045**

Lagt er fram bréf Inga, f.h. Boreal ehf., Sigríðar Örnú Arnþórsdóttur, Sveinbjörns Halldórssonar og Þorvarðar Inga Þorbjörnssonar, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað er eftir afstöðu Ísafjarðarbæjar til tillagna að breytingum á lögum er varðar leyfi landeigenda til að tjalda utan skipulagðra tjaldsvæða.

*Bæjarráð vísar málinu áfram til umhverfisnefndar og atvinnu- og menningarmálanefndar.*

**7. Samningur um rannsóknar- og virkjunarleyfi Úlfsár í Dagverðardal. - 2018010007**

Lagður er fram til kynningar dómur Landsréttar 21. febrúar sl. í máli Ísafjarðarbæjar gegn Orkubúi Vestfjarða ohf.

*Lagt fram til kynningar.*

**8. Ráðning sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs - 2020020043**

Umræður um ráðningu sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

*Umræður fóru fram.*

**9. Ráðning bæjarstjóra 2020 - 2020020031**

Lagt er fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttir, starfandi bæjarstjóra, dags. 21. febrúar sl., með svari við fyrirspurn bæjarfulltrúa Í-listans, Örnú Láru Jónsdóttur, frá 1094. fundi bæjarráðs.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Fundargerð hverfisráðsins Átak Þingeyri - 2017010043**

Lögð er fram til kynningar fundargerð Hverfisráðsins Átak Þingeyri sem haldinn var 28. janúar sl.

*Lagt fram til kynningar.*

**11. Starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal - 4 - 2002008F**

Lögð er fram fundargerð 4. fundar starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal sem haldinn var 19. febrúar sl. Fundargerðin er í 4 liðum.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:20**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Daníel Jakobsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir

---

Tinna Ólafsdóttir